fjarðar, hafi allar flutzt þangað. Sökum þessara nýju upplýsinga, og með því að ætla 114
má, að vöruskortur hafi verið orðinn á Austfjörðum, áður en Copeland kom þangað, 19. okt.
vegna þess hve hafís lá þar lengi fyrir landi og bannaði aðflutninga, þá hef jeg fallizt á, að fyrtjeð sekt eptir atvikum megi niður falla.

En að því er snerti framkomu sýslumannsins í Suðurmúlasýslu í þessu máli, verð jeg þjónustusamlega að skora á yður, herra amtmaður, að brýna fyrir honum, að honum er með öllu óheimilt að veita slíka undanþágu frá gildandi lögum, sem hjer hefur átt sjer stað, nema því að eins að hina brýnustu nauðsyn beri til, eins og reyndar virðist hafa átt sjer stað í þetta sinn, en komi það fyrir, að lík undanþága og sú, er hjer hefur gjörð verið, virðist óhjákvæmileg, þá ber sýslumanni sjálfum að vera til staðar, þar sem hann leyfir skipinu að koma að landi, til þess að rannsaka skjöl skipsins, og sjá um, að sóttvarnar- og tolllaganna sje gætt, og hafa yfirumsjón með afferm-ingu varanna.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um leyfi til að halda lotterí til orgelkaupa handa Hólakirkju.** — Presturinn sjera Zophonías Halldórsson í Viðvík hefur með brjefi 10. þ. m. fyrir hönd sóknarnefndarinnar í Hólasókn sótt um leyfi til að mega halda »lotterí» í því skyni, að keypt verði fyrir ágóðann af því orgel í Hólakirkju. Skýrir presturinn svo frá, að númerin í lotteríinu eigi að vera 2000 og kosta 50 aura hvert, en að ákveðið sje að vinningarnir skuli vera: 115
30. nóv.

1, reiðhestur, ungur og viljugur, er kosti 100 kr.
2, kíkir, er kosti 40—45 kr.
3, loptþyngdarmælir (Barometer), er kosti 25—30 kr.
4, 6 teskeiðar úr silfri, er muni kosta hver 3 kr. 25 a.

Út af þessu undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg hjermeð veiti leyfi til að halda hið umrædda lotterí á þann hátt og í þeim tilgangi, sem að ofan segir, en lotteríinu ber nákvæmlega að haga eptir þeim reglum, er þjer eða hlutaðeigandi lögreglustjóri kynni að setja því til tryggingar, að engin vandkvæði geti af því hlotizt.

Brjef landshöfðingja *til bæjarfógetans á Akureyri* **um áfrýjun á kjörstjórnarúrskurði.** — Í erindi, sem hingað hefur borizt beina leið, og dagsett er 8. f. m., 116
hefur verzlunarstjóri Eggert Laxdal skotið til mín úrskurði kjörstjórnar Akureyrar kaup- 1. des.
staðar, upp kveðnum 16. október þ. á., er segir, að mótmæli þau, er fram hafi komið gegn lögmæti kosningar á 1 manni í niðurjöfnunarnefnd kaupstaðarins, sem fram hafði farið sama dag, geti ekki tekizt til greina.

Út af þessu gefst yður til vitundar, herra bæjarfógeti, yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir bæjarstjórninni á Akureyri, sem kærandinn virðist eiga sæti í, að samkvæmt 9. gr. sbr. 20. gr. í lögum 8. október 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, verður sá, sem hefur eitthvað að kæra yfir kosningargjörð eða úrskurðum kjörstjórnarinnar, að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina innan viku eptir að kosning hefur fram farið, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina, og síðan má kæra úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir landshöfðingja; en þar sem kærandinn hefur skotið úrskurði kjör-